



Erindisbréf

Í yfirlýsingur heilbrigðisráðherra og forstjóra LSH frá 12. september 2013 og tilkynningu forstjóra LSH og framkvæmdastjóra lyflækningasviðs sama dag kemur fram að gerðar verða breytingar á skipulagi lyflækningasviðs sem styrkja faglega forystu og rekstrarlega ábyrgð.

Þessar breytingar miða að því að styrkja almennar lyflækningar á Landspítala og fela í sér að:

Yfirlæknir almennra lyflækninga verður ráðinn tímabundið frá 1. október 2013 og staðan síðan auglýst.

Friðbjörn Sigurðsson hefur verið ráðinn tímabundið sem yfirlæknir almennra lyflækna frá 1. október 2013. Staðan verður síðan auglýst og er miðað við að ráðið verði í hana til fimm ára, ekki síðar en 1. apríl 2014. Friðbjörn fer fyrir almennum lyflækningum á spítalanum og ber sérstaklega ábyrgð á deild A2.

Yfirlæknir almennra lyflækninga verður formaður sérstaks starfshóps lækna sviðsins sem skila á forstjóra og framkvæmdastjórn LSH skriflegum tillögum um ofangreint efni.

Starfshópurinn skal taka mið af skilvirkri flæði og öryggi sjúklinga við vinnu sína. Starfshópurinn skal leggja mat á hvað séu almenn verkefni og hvað séu sérgreind verkefni lyflækninga. Í ljósi þess skal meta hvort skipta eigi lækniþjónustu lyflækningasviðs í almennar lyflækningar og undirsérgreinar lyflækninga. Starfshópurinn skal einnig skoða tenginu og skipulag framhaldsnáms í lyflækningum við almennar lyflækningar. Þá skal starfshópurinn fjalla um mannafla í lyflækningum og meta þörf miðað við bæði klínísk og akademísk verkefni.

Starfshópurinn skal skila niðurstöðu sinni til forstjóra fyrir 30. nóvember og jafnframt koma með tillögur hvernig útfæra megi niðurstöðuna.

Starfshópurinn skipa auk Friðbjörns Sigurðssonar lækarnir:

Hlíf Steingrímsdóttir
Runólfur Pálsson
Arna Guðmundsdóttir
Karl Andersen
Anna Björg Jónsdóttir
Margrét Jóna Einarsdóttir

Vilhelmína Haraldsdóttir
framkvæmdastjóri lyflækningasviðs

Páll Matthíasson
forstjóri LSH